

**Nd.**

**69. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 62, 19. maí 1930, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

**1. gr.**

12. gr. laga nr. 62, 19. maí 1930, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi, orðast svo:

Ekki má verzlá með útvarpstæki hér á landi nema þær tegundir, sem ráðherra löggildir eftir tillögum útvarpsráðs. Löggilda má í einu öll tæki frá ákveðinni verksmiðju. Skal fylgja þeirri reglu, að neita ekki um löggilding nema kunnáttumenn telji tækin léleg.

2. gr.

14. gr. orðast svo:

Þegar útvarpstæki er löggilt, skal gera umboðsmanni eða heildsala, sem vöruna hefir, skylt að hafa jafnan tiltæka varahluta og annað, sem þarf til þess að tækjunum sé hægt að halda í nothæfu ásigkomulagi. Bregðist hann þeirri skyldu, varðar það svipting löggildingar.

3. gr.

15. gr. orðast svo:

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um löggilding útvarpstækja.

4. gr.

Fyrirsögn II. kafla verður: Um löggilding á útvarpstækjum.

5. gr.

Síðari málsliður fyrstu málsgreinar 16. greinar, „þó skulu—20000 kr.“, fellur niður.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu kom fram á síðasta þingi, og visast til greinargerðar þess (þskj. 178). En benda má á, að mikil óánægja er yfir verzlunar- aðferðinni, eins og þál.tillögur um málið sýna.